Dómsmálaráðuneytið
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík
Samráðsgátt

Reykjavík, 16. nóvember 2026

Efni: Umsögn BSRB um drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt

Í samráðsgátt liggja fyrir drög að reglugerð um skilyrði til framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt. BSRB vekur athygli á því að stjórnvöld setja fram skilyrði um framfærslu sem eru hærri en lágmarkstaxtar fullvinnandi í kjarasamningum á íslenskum vinnumarkaði og það umtalsvert hærri í tilfelli umsækjanda með börn eða aðra fjölskyldumeðlimi á sínu framfæri.

Lögð er fram reikniregla þar sem upphæð framfærsluskilyrðis er meðaltal þriggja viðmiða; frítekjumark húsnæðisbóta, tekjumark skerðingar barnabóta og örorkulífeyrir með heimilisuppbót. Ekki er ljóst í drögum að reglugerð hvers vegna þessi viðmið eru valin né hvers vegna meðaltal þeirra teljist heppileg reikniregla fyrir framfærsluskilyrði. Þróun þessara viðmiða er ákvörðuð á pólitískum vettvangi og munu breytingar á þeim því, ef úr verður, hreyfa við skilyrðum um framfærslu í málaflokknum og þau því breytileg eftir pólitísku landslagi hverju sinni.

Sambúðarmökum er gert að sýna fram á sjálfstæða framfærslu samkvæmt sömu reikniregluog gildir um einstaklinga. Mótsagnarkennt er að í viðmiðunarkerfunum; húsnæðisbóta, barnabóta og örorkulífeyriskerfinu hefur sambúðarmaki áhrif á bótarétt. Skerðing bóta hefur svo aftur áhrif á stöðu tekjulægri sambúðarmakans til að sýna fram á sjálfstæða framfærslu.

BSRB hvetur stjórnvöld til að endurskoða skilyrði um framfærslu sem sett eru fram í drögum að reglugerð og gæta að því að ekki séu gerðar ríkari kröfur til umsækjenda um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt en annarra.

Fyrir hönd BSRB

Jana Eir Víglundsdóttir

Jana Eir Víglundsdóttir
hagfræðingur

Grettisgötu 89
105 Reykjavík
Sími: 525 8300
bsrb@bsrb.is